

**118. fundur byggingarnefndar
haldinn á fundarstað 1, 8. nóvember 2019 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingason, Hreiðar B. Hreiðarsson, Elmar Sigurgeirsson, Gunnar Pálsson og Vigfús Björnsson.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, Skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Gjögur Grenivík lausfrystir 2019 - 1911002

Gjögur hf. kt. 570169-0765, Kringlunni 7, 104 Rvk. sækir um byggingarleyfi vegna byggingar lausfrystis við aðstöðu fyrirtækisins á Grenivík. Erindinu fylgja uppdráttir frá AVH dags. 2019-09-24.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Sólheimar 21 einbýlishús 2019 - 1909001

W. ehf. kt. 440512-0110, Sjafnarnesi 2, 603 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna 107,4 fm einbýlishúss á lóðinni Sólheimum 21, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja teikningar frá Rögnvaldi Harðarsyni, dags. 2019-07-08.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Háaborg íbúðarhús 2019 - 1910006

Ragnar S. Ólafsson kt. 271058-5869, Háuborg, Eyjafjarðarsveit, sækir um byggingarleyfi vegna byggingar 146,1 fm einbýlishúss í landi Háuborgar. Erindinu fylgja teikningar frá Ívari Ragnarssyni, dags. 2019-05-11.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Einarstaðir rif og afskráning 2019 - 1911003

Stefán G. Jónsson, kt. 031048-4439, Holtateigi 24, Akureyri, sækir um leyfi til að rífa og afskrá hús og landnúmer á landeigninni Einarstöðum (L152585) í Eyjafjarðarsveit.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

5. Tjarnavirkjun stífla 2019 - 1909004

Tjarnavirkjun ehf. 621616-0600, sækir um byggingarleyfi vegna inntaksmannvirkis Tjarnavirkjunar í landi Tjarna og Hólsgerðis og Úlfár. Umsóknin er í samræmi við gildandi deiliskipulag vegna virkjunarinnar. Erindinu fylgja uppdráttir frá Eflu verkfræðistofu dags. 2019-09-30.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Lækjarvellir 9 atvinnuhúsnaði 2019 - 1909002

Verkval ehf. kt. 530887-1709, Miðhúsavegi 4, Akureyri, sækir um byggingarleyfi til að byggja 374,9 fm atvinnuhúsnaði á lóðinni Lækjarvöllum 9, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Opus verkfræðistofu dags. 2019-08-02.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Meltunga gestahús 2019 - 1906011

Atli. P. Gylfason kt. 220989-3569 Heiðarlundi 3B, Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna 30,0 fm aðstöðuhúss á landeigninni Meltungu, Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdrættir frá Steinmari Rögnvaldssyni, dags. 2019-06-13.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Fagriskógur breyting á fjósi 2019 - 1901009

Stefán Magnússon, kt. 280660-5239, Fagraskógi, Hörgársveit, sækir um byggingarleyfi vegna breytinga innanhúss á fjósi í Fagraskógi. Erindinu fylgja uppdrættir frá Ívari Ragnarssyni dags. 2018-07-08.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Skógarhlíð 25 endurnýjun byggingarleyfis 2019 - 1911004

Halldóra Vébjörnsdóttir kt. 280763-5869, Skógarhlíð 25, 604 Akureyri, sækir um endurnýjun byggingarleyfis sem veitt var árið 2004 til byggingar bílgeymslu við Skógarhlíð 25, Lónsbakkahverfi. Til grundvallar umsókninni liggja uppdrættir frá H.S.Á. teiknistofu sem samþykktir voru á 27. fundi byggingarnefndar þann 2004-06-06.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15

Björn Ingason

Hreiðar B. Hreiðarsson

Elmar Sigurgeirsson

Gunnar Pálsson
